

Stjórnarfundur ÍTF 15. maí 2025

Mættir fulltrúar: Heimir, Ólafur, Guðbjörg, Baldur, Heimir og Samúel. Björn Þór
Fjarverandi: Styrmir

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 12:00

Fyrir var tekið:

1. Endurnýjun samninga við Genius Sports

- Birgir fór yfir síðustu fréttir af viðræðum við Genius Sports. Þeir hafa lýst yfir áhuga á að framlengja við ÍTF og eru óformlegar viðræður í gangi en á borðinu liggur fyrir hugmynd að samningsgrunni. Heimi falið að ræða við Þorvald formann KSÍ og fá samþykki KSÍ til formlegra viðræðna við GS á þeim forsendum sem þeir hafa kynnt. Það er vilji ÍTF að semja saman með KSÍ eins og gert var í fyrri samningi og tókst vel til.

2. Besta deildin og Lengjudeildin

- Birgir fór yfir upphafið á deildunum. Mæting í Bestu deild karla er undir meðaltali frá því í fyrra. Helstu skýringar eru færri áhorfendur hjá þeim félögum sem komu upp og þeim sem féllu í Lengjudeildina. Meðaltal félaga utan af landi er töluvert lægra en félaga á stór höfuðborgarsvæðinu. Besta deild kvenna er spennandi en á þessum tímapunkti eru 3 félög taplaus. Mætingin er undir meðaltali samanborðið við síðasta keppnistímabil. Hafa verður þó í huga að það vantar nokkra leiki inn. Heilt yfir stefnir í skemmtilegt mót bæði í karla og kvenna.
- Lengjudeildin er komin á fullt og hafa framleiðslumál heilt yfir gengið mjög vel. Félögin hafa út maí til að selja áskriftir á Livey og fá 20% af þeim tekjum á meðan tímabilinu stendur. Einnig er verið að sýna alla leiki í Lengjudeild kvenna þar sem framleiðsla er til staðar. Félögin hafa staðið sig vel í því að lýsa leikjum og hefur Lengjan aukið sýnileika og efni til að birta á samfélagsmiðlum.
- Umræður voru um leikvelli og undanþágur á vorin á völlum þar sem vellir eru ekki tilbúnir vegna framkvæmda eða gras ekki tilbúið. Mikilvægt að félögin komi sér saman um lágmarks aðbúnað sem á að vera á völlum í efstu deild, t.d. með aðstöðu til að taka leiki upp í taktískum tilgangi (Spiideo/Hudl), sýnileiki samstarfsaðila, örugg og trygg aðstaða fyrir rétthafa til að framleiða leikina. Samhljómur stjórnar að vinna málið með félögum fram að næsta þingi og taka umræður þar. Tryggja þarf ásýnd deildarinnar á öllum völlum ef þarf að færa til leiki.

3. Fundur með stjórn KSÍ

- a. Stjórn ræddi um fund stjórnar ÍTF og KSÍ á dögnum. Það er von ÍTF að þessi jákvæði fundir leiði til þess að hægt verði að klára samstarfssamning á milli ÍTF og KSÍ innan tíðar. Einnig var til umræðu aðstöðumál skrifstofu ÍTF en málið hefur tafist vegna anna hjá KSÍ. Stefnt er að því að skoða þau mál í byrjun júní. Birgi og Birni hrósað fyrir góða og ítarlega kynningu á verkefnum ÍTF.

4. Fundir með félögum í Lengjudeild

- a. Í næstu viku hefjast fundir með öllum félögum í Lengjudeild karla. Markmiðið með fundunum er að fara yfir áherslumál félaga, ræða ítarlega sjónvarps og markaðsmálin í deildinni og hvert við viljum sjá félögin og deildina þróast. Stefnt er að því að taka 3-4 félög saman á hvern fund til að skapa góðar umræður um málefni félaganna og heyra hvað brennur á þeim.

5. Fjármál ÍTF

- a. Birgir kynnti möguleika fyrir ÍTF að ráða inn tímabundinn aðila til að aðstoða við fjármál ÍTF. Birgi falið að vinna málið áfram og ganga frá tímabundni ráðningu á fagaðila.

6. Önnur mál

- a. Gagnaöflun ÍTF. Birgir fór yfir mikilvægi þess að ÍTF hefji að safna gögnum um hinn almenna fótbolta áhugamann. Er þetta liður í því að undirbúa ÍTF fyrir komandi samtal um sjónvarpsréttindi og önnur markaðsréttindi félaga innan ÍTF.
- b. Skattamál íþróttahreyfingarinnar. Ólafur fór yfir fréttir af skattamálum. Málið er statt hjá ráðuneytinu og er beðið eftir því að starfshópurinn verði skipaður. Birgir upplýsti stjórn að hann hafi fengið símtöl frá félögum þar sem óskað er eftir upplýsingum um þetta mikilvæga málefni.

7. Ekki fleira rætt og fundi slitið 13:45